

REGLUGERÐ

um (1.) breytingu á reglugerð nr. 643/2016, um ráðstöfun og meðferð aflaheimilda samkvæmt 10. gr. a laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða.

1. gr.

1. másl. 5. gr. reglugerðarinnar orðast svo:
Byggðastofnun skal úthluta aflamarki með tilkynningu til Fiskistofu um magn á skip, á grundvelli samninga fyrir fiskveiðiárið enda séu skilyrði samningsins uppfyllt.

2. gr.

6. gr. reglugerðarinnar orðast svo:
Byggðastofnun skal hafa samráð við sveitarstjórn viðkomandi sveitarfélags áður en tillögur um samningsaðila eru lagðar fyrir stjórn Byggðastofnunar til endanlegrar afgreiðslu.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 10. gr. a laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, og öðlast þegar gildi.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 17. apríl 2018.

Kristján Þór Júlíusson
sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.

Jóhann Guðmundsson.